

## Skýrsla stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2017-2018

Samkvæmt lögum Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) er hlutverk félagsins að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora, standa vörð um réttarstöðu þeirra og efla samtakamátt og samheldni félagsmanna. Þá er það einnig hlutverk þess að efla vöxt og viðgang háskólastarfs í þjóðfélaginu og styrkja tengsl félagsmanna við starfssystkini innan lands og utan. Loks er félagið málsvari félagsmanna gagnvart yfirvöldum háskólanna og öðrum stjórnvöldum. Í þessari skýrslu er fjallað um starfsemi félagsins á liðnu starfsári. Einungis er stiklað á stóru og helstu verkefni nefnd. Stjórnin telur skýrsluna endurspegla þessi hlutverk félagsins.

### **Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla**

Stjórn Félags prófessora við ríkisháskóla starfsárið 2017-2018 er skipuðu eftirfarandi:

Rúnar Vilhjálmsson HÍ, formaður.  
Þórólfur Matthíasson HÍ, varaformaður.  
Anna Guðrún Þórhallsdóttir LbhÍ, gjaldkeri.  
Gísli Már Gíslason HÍ, meðstjórnandi.  
Magnús Gottfreðsson HÍ, meðstjórnandi.  
Grétar Þór Eypórsson HA, varamaður.  
Oddný G. Sverrisdóttir HÍ, varamaður.  
Sigurður Konráðsson HÍ, varamaður.

### **Trúnaðarstörf**

Trúnaðarmenn félagsins eru skipuð stjórn félagsins, en samninganefnd er skipuð formanni, varaformanni og meðstjórnendum félagsins. Fulltrúi félagsins á háskólaþingi HÍ 2016-2018 er Gísli Már Gíslason og varamaður Þórólfur Matthíasson. Í siðanefnd HÍ 2016-2019 var skipuð fyrir hönd félagsins, Guðrún Kristjánsdóttir. Skoðunarmenn reikninga félagsins eru Brynjólfur Sigurðsson og Jónatan Þórmundsson.

### **Starfsmaður**

Fastráðinn starfsmaður félagsins og Starfsþróunarsjóðs prófessora er Kristín Færseth, framkvæmdastjóri í 60% starfi.

## **Skrifstofa**

Skrifstofa félagsins er í Bændahöllinni við Hagatorg, (2. hæð í suðvesturenda Hótel Sögu).  
Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9-13.

## **Félagsmenn**

Virkir félagsmenn í FPR voru í mars 2018 samtals 344. Fimm í Hólaskóla, háskólanum á Hólum í Hjaltadal, fimm í Landbúnaðarháskóla Íslands, 23 í Háskólanum á Akureyri og 312 í Háskóla Íslands. Karlar voru samtals 237 (69%) og konur 107 (31%). Meðalaldur félagsmanna var 58 ár.

Á starfsárinu voru haldnir átta stjórnarfundir í FPR. Þá voru haldnir fundir með samninganefnd ríkisins (SNR), samráðsnefnd háskólaráðs HÍ um kjaramál og rektor HÍ auk fjölda annarra vinnufunda.

## **Kjaramál**

Kjarasamningur félagsins gildir til 31. mars 2019. Samkvæmt samningnum hækkuðu laun 1. júní 2017 að meðaltali um 2,63%. Hinn 1. júní nk. munu laun hækka um 2,0%. Sérstök eingreiðsla, 70.000 kr. greiðist hverjum starfsmanni hinn 1. febrúar 2019 miðað við fullt starf og sem er við störf í desember 2018. Auk þess geta próffessorar á samningstímanum færst um þrep á grundvelli annarra stiga en rannsókna sem þeir safna á samningstímanum (þ.e. vegna kennslu, stjórnunar og þjónustu). Þetta gefur færi á launahækkun til viðbótar við almennar prósentuhækkanir launa samkvæmt miðlægum kjarasamningi.

Fulltrúar úr samninganefnd félagsins áttu fund með samninganefnd ríkisins undir lok síðasta árs. Á fundinum kom fram sú afstaða FPR að til að raska ekki launaþróun á vinnumarkaði þurfi að endurskoða úrskurði kjararáðs. Þá þurfi að ganga frá jöfnun launa (gr. 7 í samkomulagi BHM, BSRB og KÍ við ríkið um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna), ekki síst vegna nýrra félagsmanna. Þá er einnig nauðsynlegt að fá raunhæfan launasamanburð á milli opinbera og almenna markaðarins. Til þess þarf lagabreytingu þar sem launaupplýsingar úr Hagstofugögnum duga ekki til, heldur þarf gögn frá ríkisskattstjóra til þess að sjá heildarlaun (þ.á m. bónusa o.fl.) allra á almenna markaðinum.

Launasamanburður milli markaða þar sem notast er við skattagögn hefur verið nefnd „norska leiðin“ en Norðmenn notast við skattagögn þar sem allur launakostnaður er tekinn með í launasamanburði milli markaða.

## **Endurskoðun á matskerfi opinberra háskóla**

Vegna endurskoðunar á mati á kennslu og stjórnun/þjónustu í mats- og framgangskerfinu hefur þetta mál verið ofarlega á baugi hjá stjórn félagsins í vetur. Fulltrúar úr stjórn félagsins hafa átt marga fundi með yfirstjórn Háskólans vegna endurskoðunarinnar og sent frá sér ítarlega umsögn um matskerfið. Stjórn félagsins styður að notast sé áfram við matskerfi af þessu tagi og telur að núverandi kerfi hafi bætt verulega árangur í háskólastarfi, einkum háskólarannsóknunum. Kerfið sé hins vegar ekki gallalaust eins og bent hefur verið á í fyrri

umsögnum og athugasemdum stjórnarinnar. Stjórnin leggur til endurbætur og lagfæringar í öllum köflum matskerfisins.

Í umsögn sinni um mat á kennslu og stjórnun/þjónustu í mats- og framgangskerfinu telur FPR að megnið af stjórnun háskólakennara umfram stjórnunarskyldu fari fram í þeim deildum háskólans þar sem þeir eru ráðnir, og fellur því alfarið utan þeirra liða sem um getur í þeim hluta matskerfisins sem tekur til stjórnunarstarfa. Þá er stjórnun á vettvangi sviða einnig að mestu leyti undanskilin. Þetta veldur miklu misræmi þegar kemur að úthlutun stjórnunarstiga í matskerfinu. Þessi hluti matskerfisins hefur verið nær óbreyttur árum saman enda hafa stjórnunarstig fram til þessa ekki haft nein veruleg áhrif, hvorki á framgang né launasetningu. Þar sem launatafla prófessora er nú þrepaskipt er nauðsynlegt, út frá kjarasjónarmiði, að endurskoða gildandi reglur um stjórnun í matskerfinu. Þá fellur skilgreining á stjórnun í stofnanasamningi félagsins illa að gildandi reglum um stjórnun í matskerfinu.

Helstu athugasemdir félagsins við matsreglur á þjónustu eru annars vegar sá víði og óljósi rammi sem gefinn er vegna einstakra matsþátta, auk þess sem þjónustuþættir koma ekki til mats sem ástæða væri til að meta.

Þegar kemur að mati á kennslu er það almenn skoðun FPR að háskólakennsla sé ekki nægilega vel metin í núverandi kerfi og leggur til ýmsar breytingar. Meðal annars að gera greinarmun á kennsluritum, að skipulagning námsleiða og námsbrauta fari undir stjórnun og að stig verði veitt fyrir þróun nýrra kennsluaðferða. Þá leggur stjórnin til að veitt verði stig vegna leiðbeiningar í BA-, BS- og B.Ed.-verkefnum.

Um matsreglur vegna rannsókna hefur stjórn félagsins áður sent frá sér umsagnir og fjallað með ítarlegum hætti um matsreglur vegna rannsókna. Athugasemdirnar hafa beinst að fjölgunareglunni, rúmum og óljósum matsramma í mörgum matsliðum rannsókna, skilgreiningu nýsköpunar, meðhöndlun tilvitnana og atriðum sem ekki fela í sér öflun nýrrar þekkingar og ættu að heyra undir aðra þætti en rannsóknir.

### **Árangurstengd tilfærsla starfsþátta**

Eins og kunnugt er afgang háskólaráð HÍ á fundi sínum í desember 2008 kennsluafslátt við 55 og 60 ára aldur. Í stað kennsluafsláttarins var ákveðið að móta reglur um tilfærslu starfsþátta, óháð aldri, sem miðuðu að því að koma til móts við þá kennara sem sýna afburða árangur í rannsóknum. Reglur um árangurstengda tilfærslu starfsþátta tóku gildi árið 2009. Frá þeim tíma hefur Háskóli Íslands starfrækt sjóð (kennsluafsláttarsjóð), til að fjármagna tímabundnar breytingar á starfsskyldum kennara sem ná afburða árangri í rannsóknum. Úthlutað er úr sjóðnum til fræðasviða. Forseti fræðasviðs getur sótt um úthlutum úr sjóðnum til að færa vinnuskyldu kennara tímabundið frá kennslu til rannsókna. Tvær leiðir eru notaðar til þess að úthluta úr sjóðnum. Annars vegar samkvæmt s.k. stigaleið (80%) þar sem kennarar með flest rannsóknastig á ári úr tilteknum flokkum matskerfis fá úthlutað tilfærslu. Hins vegar samkvæmt tilnefningarleið (20%) þar sem forseta fræðasviðs er heimilt að gera tillögu um að einstakir kennarar hljóti tímabundna tilfærslu vinnuskyldu frá kennslu til rannsókna.

Á árinu hófu fulltrúar stjórnar félagsins viðræður við samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál um framkvæmd og verklag við úthlutun á tilfærslu starfsþátta. Viðræðurnar hafa snúist um tilgang kennsluafsláttarinnar og hvort e.t.v. þörf er á breyttu verklagi við úthlutun. Kostir og gallar beggja úthlutunarleiða hafa einnig verið til skoðunar. Þá hefur skipting kennsluafsláttar eftir fræðasviðum verið skoðuð sem og hlutfall kvenna við úthlutun afsláttar. Engar breytingar á kennsluafslætti eru áformaðar á þessu stigi og viðræður við samráðsnefndina halda áfram.

### **Ályktun vegna fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar**

Á síðasta aðalfundi félagsins var m.a. fjallað um fjárhagslega stöðu ríkisháskólanna. Í ályktun fundarinnar voru gerðar alvarlegar athugasemdir við fyrirhugaðar fjárveitingar þáverandi ríkisstjórnar til háskólastigsins. Ályktunin er svohljóðandi:

*Áætlunin greinir ekki eins og þyrfti á milli fjárveitinga vegna fyrirhugaðra fjárfestinga annars vegar og fjárveitinga til nauðsynlegs reksturs skólanna hins vegar. Þegar betur er rýnt í einstaka þætti áætlunarinnar er ljóst að óverulegar breytingar verða á rekstrarfé háskólanna á næstu árum. Þannig eykst til að mynda ekki rekstrarlegt svigrúm Háskóla Íslands fyrir en í fyrsta lagi eftir 2019. Gangi áætlunin óbreytt eftir mun það hamla eðlilegri nýliðun akademískra starfsmanna í háskólunum sem og uppbyggingu og þróun kennslu, bæði á grunn- og framhaldsstigi.*

*Ljóst er að fjárveitingar til reksturs háskólanna samræmast ekki með nokkru móti fyrirheitum stjórnvalda um að auka fjárveitingar háskólanna svo þær nái meðaltali OECD í fyrri áfanga og meðaltali Norðurlanda í síðari áfanga. Minna má á að yfirlýst stefna stjórnvalda samkvæmt fjármálaáætluninni er sögð vera „að styðja frekar við aukin gæði háskóla- og rannsóknarstarfsemi til að treysta alþjóðlega samkeppnishæfni“. Sú stefna er orðin tóm ef stjórnvöld standa ekki við fyrri fyrirheit um auknar fjárveitingar til háskólastigsins.*

### **Starfsþróunarsjóður prófessora**

Starfsþróunarsjóður prófessora var stofnaður með bókun 2 í kjarasamningi Félags prófessora við ríkisháskóla og fjármálaráðherra hinn 7. nóvember 2011. Í bókuninni kemur fram að markmið sjóðsins er að bæta möguleika félagsmanna til að sækja ráðstefnur, sinna rannsóknum og bæta möguleika til rannsóknasamstarfs. Enn fremur er það markmið sjóðsins að styðja skóla og stofnanir þeirra til að gera prófessorum kleift að vinna að verkefnum sem fara saman við markmið beggja á þessum vettvangi. Samkvæmt bókuninni skal stjórn sjóðsins vera skipuð fulltrúum FPR og háskólanna sem þeir starfa við að jöfnu, tveir frá hvorum.

Stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora (SP) starfsárið 2016-2018 skipuðu eftirfarandi:

Gísli Már Gíslason, formaður, skipaður af stjórn FPR.

Aðalheiður Jóhannsdóttir, skipuð af stjórn FPR.

Hafliði Pétur Gíslason, skipaður af rektor Háskóla Íslands.

Kristinn Pétur Magnússon, skipaður af rektor Háskólans á Akureyri.

Fyrsti úthlutunarfundur sjóðsins var haldinn í nóvember 2012. Alls hafa 479 styrkir verið veittir frá þeim tíma og til loka árs 2017. Styrkumsóknum hefur fjölgað ár frá ári og sem dæmi má nefna að árið 2016 var fjöldi afgreiddra styrkja 119 en 183 árið 2017. Stjórn sjóðsins hélt sjö úthlutunarfundi og tvo vinnufundi á árinu 2017. Þegar tilgangur styrkumsókna er skoðaður kemur í ljós að oftast er sótt um styrki vegna ráðstefnuferða.

Þegar fjöldi styrkja eftir skólum er skoðaður kemur í ljós að félagsmenn sem starfa við Háskólann á Akureyri nýta sér hlutfallslega oftast þennan möguleika.

<i>Skipting styrkja eftir háskólum</i>	<i>Fjöldi styrkja</i>
Háskóli Íslands	390
Háskólinn á Akureyri	81
Háskólinn á Hólum	3
Landbúnaðarháskóli Íslands	5

Með tilkomu sjóðsins hafa opnast fleiri möguleikar prófessora til að sækja ráðstefnur. Í tilfellum prófessora við Háskólann á Akureyri, Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands eru þetta einu ferðastyrkir til ráðstefnuferða, rannsóknarsamstarfs og til styrktar rannsóknaleyfa sem þeir hafa aðgang að. Fyrir prófessora við Háskóla Íslands bætist þessi möguleiki við þann styrk sem Sáttmálasjóður getur veitt, en það er oftast ein ferð á ári til ráðstefnuferða. Starfsþróunarsjóður prófessora er eini sjóðurinn sem styrkir rannsóknasamstarf við aðra háskóla. Einnig hefur sjóðurinn gert prófessorum kleift að dveljast lengur við erlenda háskóla þegar þeir eru í rannsóknaleyfi.

Í kjölfar þess að rafrænt umsóknarferli var tekið upp á síðasta ári voru starfsreglur sjóðsins teknar til endurskoðunar. Það var meðal annars gert til þess að skýra og skerpa á ýmsum ákvæðum reglnanna. Við endurskoðunina var einnig reynt að koma til móts við sjóðfélaga sem starfa utan höfuðborgarsvæðisins (aðallega við háskólana á Akureyri og á Hólum) með því að styrkja akstur innanlands með einka- eða bílaleigubifreiðum um sömu upphæð og lægsta fargjaldi almenningsvagna nemur.

Í samræmi við bókun í kjarasamningi félagsins var úttekt á árangri sjóðsins skilað til Fjármála- og efnahagsráðuneytisins í desember sl.

### **Skýrsla um kynjajafnrétti við Háskóla Íslands**

Í desember 2017 var gefin út skýrsla undir heitinu „Kynjajafnrétti innan Háskóla Íslands, jafnlaunarannsókn og úttekt á framgangskerfi“. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann skýrsluna fyrir Jafnréttisnefnd Háskólans. Markmið rannsóknarinnar var m.a. að skoða hvort munur sé á launagreiðslum kvenna og karla sem starfa við Háskóla Íslands. Einnig að skoða hvort konur og karlar eigi jafna möguleika á framgangi í akademískum störfum innan Háskóla Íslands. Skýrslan vakti töluverða athygli, bæði innan og utan háskólans.

Meginniðurstöður skýrslunnar eru að innan háskólans sé að finna kynjaðan launamun sem sé innbyggður í framgangskerfið sem aftur sé tengt vinnumatskerfinu. Konur eigi erfiðara uppdráttar í framgangskerfinu vegna vinnumatskerfisins. Kerfið geri deildum og sviðum misjafnlega hátt undir höfði, því það sé sniðið að raunvísindalega miðuðum sviðum og greinum þar sem karlar eru í meirihluta og því fái karlar frekar framgang í starfi og hærri laun. Konur komist hægar og síður í gegnum framgangskerfi háskólans. Það séu því „lekar pípur“ í kerfinu. Með öðrum orðum sé um að ræða kerfislæga, kynjaða mismunun við framgang. Kerfið í sinni núverandi mynd standist því ekki grundvallar jafnréttissjónarmið. Um sé að ræða kynbundinn launamun í háskólanum.

Vegna framangreindra niðurstaðna og staðhæfinga skýrsluhöfunda um kynjajafnrétti óskaði stjórn félagsins eftir fundi með aðstoðarrektorum skólans. Á þeim fundi gerðu fulltrúar úr stjórn félagsins alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð þau sem skýrsluhöfundar beita í tengslum við rannsóknir á launamun kynjanna innan skólans. Þá sendi stjórnin skýrsluhöfundum athugasemdir við skýrsluna og sátu í framhaldinu kynningarfund þeirra um skýrsluna. Að lokinni kynningu þeirra ítrekuðu fulltrúar stjórnar félagsins þær alvarlegu athugasemdir sem gerðar eru við vinnubrögð höfunda skýrslunnar. Í athugasemdum stjórnarinnar kom m.a. fram að gögn og úrvinnsluaðferðir sem notast var við í skýrslu um launajafnrétti í Háskóla Ísland gefi ekki tilefni til fortakslausra ályktana höfunda um „lekar pípur“ og „kerfislæga, kynjaða mismunun“ í framgangskerfi Háskóla Íslands. Jafnframt er í athugasemdum stjórnarinnar kallað eftir því að unnin verði ítarleg greining á framgangsferli karla og kvenna, sem og framgangsferli einstaklinga í ólíkum störfum og á ólíkum sviðum.

### **Heimasíða**

Síðast liðið sumar var unnið að gagngerum endurbótum á vef félagsins [www.professorar.hi.is](http://www.professorar.hi.is) Þegar smellt er á *Kaup og kjör* má nú sjá alla kjarasamninga félagsins, launatöflur frá árinu 2006, launaröðun, stofnanasamninga allra ríkisháskólanna, störf og starfsskyldur, skiptingu starfsþátta, rannsóknamisseri, árangurstengda tilfærslu starfsþátta, matskerfi, reglur um framgang og ótímabundna ráðningu o.fl. Þá má þar einnig finna upplýsingar sérstaklega ætlaðar emerítum. Undir *Styrkir og sjóðir* má sjá sjóði sem félagsmenn eiga aðild að. Auk Ritlauna- og rannsóknasjóðs prófessora eiga félagsmenn m.a. aðild að Starfsþróunarsjóði prófessora, Styrktarsjóði BHM og Starfsmenntunarsjóði BHM. Félagsmenn FPR eiga aðild að Orlofssjóði BHM. Undir *Orlofskostir* er að finna ýmsar upplýsingar um orlofssjóðinn, þ.á m. verklagsreglur, leiguverð og lista yfir kort og gjafabréf. Þar er einnig vakin athygli á að þeir sjóðfélagar sem njóta fullra réttinda í Orlofssjóði BHM við töku lífeyris geta viðhaldið sjóðsaðild ævilangt við starfslok með því að greiða svokallað ævigjald, u.þ.b. 18.000 kr. árið 2017.

### **Málþing um framtíð háskólastigsins á Íslandi**

Á vegum Félags prófessora við ríkisháskóla og Vísindafélags Íslendinga var í aðdraganda kosninga til Alþingis sl. haust haldið málþing um fjármögnun háskólanna og framtíð háskólastigsins á Íslandi. Fundurinn, sem bar yfirskriftina „*Háskólar í öndvegi? Framtíð háskólastigsins á Íslandi*“, var haldinn hinn 18. október sl.

Öllum níu stjórnálflokkum sem voru á þingi eða voru líklegir til að koma manni á þing miðað við skoðanakannir í lok september var boðið að senda fulltrúa á fundinn. Allir flokkarnir, nema Sjálfstæðisflokkurinn, sendu fulltrúa á málþingið. Í stuttu máli má segja að fulltrúar allra flokkanna voru sammála um að stefnumótun um framtíð háskólanna vantaði og að þeir væru undirfjármagnaðir. Upptöku frá málþinginu má sjá á vefsíðu félagsins.

### **Emerítafundur**

Stjórn félagsins bauð *professores emeriti* til árlegs fundar og kvöldverðar 28. nóvember í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar. Á þessum fundum er hefðbundin dagskrá með þeim hætti að formaður félagsins fer yfir störf liðins árs og rithöfundur er boðið að koma og kynna nýja bók sína. Gestur kvöldsins að þessu sinni var Vilborg Davíðsdóttir sem sagði frá og kynnti nýja bók sína *Blóðug jörð* sem segir frá landnámskonunni Auði djúpúðgu.

Á síðasta ári samþykkti háskólaráð Háskóla Íslands verklagsreglur vegna málefna fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum. Markmiðið með þessum verklagsreglum var að marka nýja og skýrari stefnu í þessum málefnum. Af því tilefni var Ástu Möller sviðsstjóra starfsmannasviðs HÍ boðið að koma á fundinn. Var það vel þegið og kynnti hún nýju verklagsreglurnar og svaraði spurningum fundarmanna.

### **Kjararannsókn háskólafélaga**

Að tillögu BHM hafa fulltrúar fjögurra aðildarfélaga BHM sem eiga akademíska félagsmenn í háskólum, hist á samráðsfundum í vetur. Félögin eru Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag háskólakennara, Félag háskólakennara á Akureyri og Félag akademískra starfsmanna Háskólans í Reykjavík. Tilgangur fundanna er að ræða launatölfræði sem og hvaða tölfræði er aðgengileg. Þetta er gert til þess að félögin geti undirbúið sig sem best fyrir komandi kjaraviðræður. Þar sem erfitt er að nálgast upplýsingar um launatölfræði, sérstaklega gögn um almenna markaðinn, var niðurstaða samráðshópsins sú að láta framkvæma kjarakönnun meðal akademískra starfsmanna háskólanna. Góð þátttaka í slíkri kjarakönnun er lykilatriði svo nýta megji hana sem launatölfræði.

### **Formannaráðsfundir BHM**

Formannaráð Bandalags háskólamanna fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins milli aðalfunda og kemur saman að lágmarki fjórum sinnum á ári. Ráðinu ber að huga að stærri og stefnumótandi ákvörðunum og veita stjórn aðhald og umboð til daglegs starfs á grundvelli stefnu sem mótuð er á stefnumótunarþingum og samþykkt á aðalfundum. Formaður félagsins situr formannaráðsfundi BHM. Meðal mála sem formannaráðið fjallaði um á starfsárinu voru kjarasamningar 17 BHM félaga sem lentu undir gerðardómi, aðild bandalagsins að Þjóðhagsráði, samskipti og samráð við stjórnvöld í aðdraganda kjarasaminga, endurskoðun á stefnu bandalagsins, aðild bandalagsins að Norræna verkalýðssambandinu og undirbúningur aðalfundar.

### **Erlent samstarf**

Félag prófessora við ríkisháskóla hefur frá árinu 2006 verið í samstarfi við stéttarfélag

háskólakennara og vísindamanna á Norðurlöndum. Samtökin halda einn sameiginlegan fund á ári til að bera saman bækur sínar. Félag prófessora við ríkisháskóla hefur lagt töluvert upp úr þessu samstarfi, t.d. með því að senda á ársfund félaganna skýrslu um launapróun háskólamanna á Íslandi. Hefur Félag prófessora unnið þessa vinnu í samvinnu við Félag háskólakennara. Í júní í fyrra var norræni fundurinn haldinn í Ósló þar sem voru á dagskrá, auk kjara- og ýmissa réttindamála, fjármögnun rannsókna og höfundarréttamál.

### **Heimsókn frá Forskerforbundet**

Skömmu eftir sl. áramót hafði Forskerforbundet í Noregi samband við félagið og tilkynnti komu 22 stjórnarfulltrúa sinna til Íslands í apríl. Þau óskuðu af því tilefni eftir því að eiga fund með fulltrúum úr stjórn félagsins til þess að ræða ýmis sameiginleg málefni. Félagið varð við þeirri beiðni og átti fund með þeim hinn 16. apríl sl. Á fundinum var m.a. rætt um fjárveitingar og rannsóknir í Háskóla Íslands undanfarin ár. Þá greindu fulltrúar Félags prófessora við ríkisháskóla frá helstu stefnumiðum og viðfangsefnum félagsins.

### **Málefni einstakra félagsmanna**

Skrifstofu félagsins barst á árinu nú sem áður fjölmörg erindi frá félagsmönnum allra ríkisháskólanna. Erindin voru margvísleg en reynt er að leysa úr þessum erindum eftir bestu getu. Yfirleitt tekst vel að leysa farsælega úr þeim þrátt fyrir að sum þeirra séu flókin og eru félagsmenn hvattir til að leita til félagsins ef aðstoðar eða upplýsinga er þörf. Töluverð fjölgun hefur orðið á einstaklingserindum milli ára.

### **Starfið fram undan**

Erilsömu starfsári hjá stjórn félagsins er nú að ljúka. Þar sem kjarasamningur félagsins verður laus snemma á næsta ári má gera ráð fyrir annasömu ári fram undan. Eins og fram kom í inngangi þessarar skýrslu er eitt helsta hlutverk félagsins að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora og standa vörð um réttarstöðu þeirra.

Reykjavík, 15. maí 2018

Fyrir hönd stjórnar Félags prófessora við ríkisháskóla

Rúnar Vilhjálmsson  
formaður



